

Fundargerð 24. Stjórnarfundar, símafundur, haldinn 19. janúar 2010 kl. 15:00-17:00.

Mætt: Anna Kristín Ólafsdóttir, Böðvar Pétursson, Eiríkur Björn Björgvinsson, Elín Heiða Valsdóttir, Hjalti Þór Vignisson, Þórunn Pétursdóttir Magnús Tumi Guðmundsson, Þórður H. Ólafsson og Ólöf Ýrr Atladóttir, sem ritaði fundargerð.

1. *Samþykkt dagskrár*

- Dagskrá samþykkt.

2. *Samþykki fundargerða 22. & 23. Stjórnarfunda; 22/10 og 16/12*

- Óskað eftir að fundargerðir séu sendar í fundarlok

3. *Rekstrarmál 2009*

- Áætlað rekstraruppgjör 2009-kynning
 - o *Rekstraruppgjör 2009 kynnt með rekstraráætlun 2010* (sbr. næsta lið)

4. *Rekstrarmál 2010*

- Kynntar helstu forsendur rekstraráætlunar 2010 .
- Kynnt 1. drög að rekstraráætlun 2010 ásamt rekstraruppgjöri ársins 2009. Upplýsingar verða sendar til frekari skoðunar, en almennt fengu forsendur rekstraráætlunar og rekstraráætlun jákvæða umfjöllun.

5. *Framkvæmdamál 2010*

- *Gestastofa á Skriðuklaustri:* Heldur áætlun.
- *Blágil:* Á áætlun.
- *Helstu forsendur framkvæmdaáætlunar-* kynnt af framkvæmdastjóra. Stærstur hluti fjármagns er bundinn í þau stóru verkefni sem í framkvæmd eru; best að ljúka þeim eins og mögulegt er.
- *Framkvæmdaáætlun 2010 1. drög-* kynnt af framkvæmdastjóra. Tillaga um að mögulegur afgangur af rekstrarliðum verði nýttur í framkvæmdatengd útgjöld. Annars almenn umræða, m.a. fjallað um framtíðarsýn í framkvæmdum, forgangsröðun og verkefnaval. Rætt um að svæðisráðin þurfi að koma með sínar tillögur um forgangsröðun framkvæmda. Stjórnarmenn munu fyrir sitt leyti leggja yfir þá lista sem lagðir voru fram með forgangsröðun í huga.

6. *Stjórnunar- og verndaráætlun- staða*

Formenn svæðisráða spurðir um stöðu verndaráætlunar.

Norður: 1.drög til svæðisráðs fyrir jól. Búið að halda einn fund um þau og gera athugasemdir. Enn vantar þó öll kort.

Austur: 1. og 2.hl. komnir til yfirlstrar. Þar er sérstaklega bent á skilgreiningu vega í þjóðgarðinum, þar sem þeir eru í vegaáætlun skilgreindir sem landsvegir – og það firrir Vegargerðina ábyrgð á þeim. Verndaráætlun almennt ekki komin alveg nógu langt á veg að mati þess sem kynnir.

Suður: Flestum köflum lokið, tveir fundir áætlaðir í næstu viku þar sem svæðisráðið fer yfir, síðan verða drögin send til yfirlstrar til valdra aðila. Sá sem kynnir lýsir ánægju sinni með það hvernig mál eru að þróast.

Vestur: Vinna í fullum gangi. Svæðisráð hefur farið yfir 1.drög, þetta virðist allt vera að smella saman þessa dagana.

Umræða um að skilgreina þurfi verndarstig og að þær upplýsingar þurfi að liggja fyrir fljótt.

- Verndaráætlun verður rædd ýtarlega á fundi stjórnar.

7. *Deiliskipulag í Skaftafelli-* kynning á fyrstu hugmyndum. Hugmyndirnar verða sendar stjórnarmönnum til skoðunar.

8. *Stækkun þjóðgarðsins;* á Vestursvæði, á Norðursvæði; Ásbyrgi og á Austursvæði.

Rætt um hugmyndir um að öll Ásbyrgisjörðin verði hluti þjóðgarðsins. Mismunandi skoðanir eru uppi hjá heimamönnum um stækkun á Vestursvæði, en rætt var um að heildarstefnu vanti í stækkunarmálum og að hana þurfi að byggja á rekstrarumhverfi garðsins.

- *Taka þarf góða umræðu um þetta mál á næsta stjórnarfundum.*

9. *Önnur mál*

- *Hitaveita í Skaftafelli-* verður unnið áfram af framkvæmdastjóra og formanni svæðisráðs Suður.
- *Heimasíða-* Nýtt útlit og innihald í vinnslu, kallað verður eftir athugasemdum áður en hún verður endanlega sett upp.
- *Viðhorfskönnun* (í síma) meðal sveitarstjórnarmanna og aðila sem koma að málefnum atvinnu- og byggðaðróunar innan þeirra sveitarfélaga sem liggja að Vatnajökulsþjóðgarði
 - frestað eftir umræðu
- *Beiðni frá FFA um leyfi fyrir geymslugámi í Drekgili*
 - frestað til næsta fundar
- *Bók um Vatnajökulsþjóðgarð-* Vinir Vatnajökuls vilja koma inn í þetta verkefni.
 - Umræðum verður haldið áfram síðar.
- *Önnur mál*
 - Tillaga að sorpflokkunaríláti kynnt, búið að teikna hugmynd að útliti.

10. *Næsti stjórnarfundur*

- Á Kirkjubæjarklaustri 2. febrúar.

Fundi slitið/fundarritari ÓYA